

Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur 2019, þriðjudaginn 3. desember

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.
10. Önnur málefni ef einhver eru.

Kári Sölmundarson formaður GO setur fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Gunnar Viðar yrði fundarstjóri og Svavar Geir Svavarsson fundarritari og var það samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir og kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði um að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, því næst var gengið til dagskrár og bauð fundarstjóri, Kára Sölmundarson í ræðustól til að fara yfir skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Kári byrjaði fundinn á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn en nálægt 60 félagar voru mættir að þessu sinni. Kári talaði um að ársrit félagsins væri aðgengilegt á netinu á heimasíðu okkar þar sem hægt væri einnig að lesa skýrslur nefnda. Kári fór því næst í skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru í henni.

Kári rifjaði upp að í ársskýrslu 2018 hefði verið haft eftir Trausta Jónssyni veðurfræðingi þau orð að sumarið það árið hefði verið met ár í fáum sólarstundum sem hefði ekki farið vel í kylfinga og slegið öll þau veðurfarleg met sem við golfarar vildum síður sjá slegin. Sumarið í ár var því kærkomið en Kári hafði lagst í smá heimildarvinnu og fann út að rekja mátti söguna stutt aftur í tímann til að finna mikla samlíkingu milli ára þar sem 2003 hafi verið sambærilegt ár og 2018 og þá hafi fylgt langt og gott veðurtímabil í níu sólarár í röð frá 2004 - 2012. Lofaði Kári því að þetta yrði raunin nú og við ættum í vændum sólarrik og falleg ár næstu 8 árin.

Kári vildi færa Elínu Hrönn Ólafsdóttur sem starfað hafði sem formaður síðustu þrjú ár þakkir fyrir hennar störf en Kári tók við af henni undir lok þessa rekstrarárs þegar hún sá sér ekki fært að sinna formennsku sökum anna í vinnu og námi. Þar sem Elín var ekki viðstödd

fundinn, kallaði Kári Árna Geir Jónsson eiginmann hennar upp og færði honum blómvönd til að koma á sína konu, skilaði Árni góðri kveðju Elínar til fundarmanna.

Kári talaði um að félagsmenn gæti treyst því að hér væri allt í föstum skorðum, sömu gæði, sömu starfsmenn, sömu klúbbmeistarar og því lítið sem kæmi á óvart. Við hefðum reyndar aðeins breytt málum hvað varðaði veitingarekstur og þakkaði Kári þeim Pálu og Nikka fyrir þeirra framlag og bauð nýja aðila velkomna. Kári þakkaði öllum sem að rekstrinum koma á einn eða annan hátt fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Kári fór yfir það að fjölgun hefði orðið í klúbbnum og því var mest að þakka góðum gæðum og frábæru veðri, við værum nú orðinn þriðji stærsti klúbburinn. Fjölgun hefði verið á öllum sviðum og til að mynda hefði umferð um ljúfling aukist um 80 %. Kári minntist á hversu gott hlutfall kvenna væri í golfklúbbnum Oddi og þá sérstaklega í samanburði við aðra klúbba en um 40 % klúbbmeðlima eru konur en landshlutfall er 32 %.

Kári fór yfir að haldið hefði verið uppi góðu félagsstarfi á árinu og við nýtt golfskálann eins og frekast var kostur síðasta vetur en aðstæður leyfði það ekki í ár sem væri miður.

Í tengslum við félagsstarfið hafi svo almennt starf yfir sumarmánuði einkennst af innanfélags golfmótum og einstöku og góðu kvennastarfi og þakkaði hún þeim aðilum sem koma að félagsstarfi öllu og mótahaldi fyrir sín óeigingjörnu störf.

Íþróttastarf GO var næst á dagskrá Kára í hans yfirferð, sagði hann það ánægjulegt að mikil fjölgun væri á golfleikjanámskeiðum sumarsins, langt umfram okkar væntingar en um 230 krakkar komu til okkar í sumar sem er um 50 % fjölgun. Keppnissveitir GO stóðu eðlilega í ströngu í sumar og stóðu sig vel á Íslandsmótum golfklúbba þar sem við áttum þátttakendur í keppni karla og kvenna bæði yngri og eldri. Kennurum Golf Akademíu Odds sem bera þungan og hitann af allri kennslu hér á Urriðavelli þeim Rögnvaldi Magnússyni og Phill Hunter þakkaði Kári fyrir góð störf.

Af framkvæmdum á árinu sagði Kári frá því að vinna ársins hafi í grunninn verið viðhaldsvinna á vellinum og æfingasvæði. Girðingar, teigar, glompur og vatnskerfi fær þar aðal athygli vallaarstjóra. Okkar starfsmenn gengu einnig frá umhverfinu í kringum borholuna ásamt því að kláruð var öll vinna inni í nýrri vélageymslu. Á dagskrá næsta árs væri svipuð vinna framundan en við værum þannig aðallega að viðhalda gæðum og öryggi á vellinum. Þakkaði Kári vallaarstjóra og hans mönnum fyrir einstaklega gott verklag og snyrtimennsku.

Stækkun Urriðavallar, þar fór Kári yfir að nú væri boltinn hjá umhverfisstofnun sem væri með mál landeiganda til umfjöllunar er varðaði deiliskipulag á svæðinu, í kjölfar niðurstöðu hennar sem óvíst væri hvenær væri að vænta yrði haldið áfram með skipulag svæðisins og unnið áfram að stækkun vallaarins innan þess ramma.

Inniaðstaða. Kári sagði það öllum ljóst að við værum ekki í góðum málum þarna en að stefnan væri að sjálfsögðu áfram á þann veg að koma því í þann farveg að framtíð okkar verði ljós og áfram unnið að því að fá landeiganda og Garðabæ að því borði og fundir hefðu farið fram á árinu en ekkert komið út úr þeim að svo stöddu.

Kári fór svo yfir fjármál og talaði um að árið hefði verið gott en erfiðlega gengi þó að byggja upp efnahagsreikning. Segja mætti að æðri máttarvöld hafi tekið í taumana þetta árið og skapað veðuraðstæður fyrir gott ár rekstrarlega. Aðkoma fyrirtækja að rekstri tekjulega hefði minnkað sem væri miður og það væri sama staða almennt í golfhreyfingunni. Við gætum því ekki treyst á að aðkoma fyrirtækja yrði aukin á næstu árum og því mikilvægt að aðkoma

bæjarfélagsins myndi vera þannig að sanngirnis sé gætt á milli íþróttafélaga sem við teldum að ekki hefði gætt í liðinni tíð. Kári hafði ekki mikla trú á því að á okkur yrði kallað af biðstofunni á bæjarskrifstofunni sem við sem við værum búin að sitja á undanfarin ár en það hlítur að styttast í kallið.

Að lokum færði Kári öllum starfsmönnum og sjálfbóðaliðum þakkir fyrir vel unnin störf.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins lagðir fram

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga GO, fór þar yfir helstu liði í tekjum og gjöldum. Í útskýringum talaði hann um að verulega hefði mátt gæta áhrifa veðurs þetta sumarið en allar tekjur hefðu aukist verulega og þannig bjargað rekstri ársins. Samdráttur í styrkjum fyrirtækja væri farin að vera verulegur og áhyggjur að sú þróun hafi áhrif á rekstur næstu ára ef ekki tekst að snúa því. Fór Þorvaldur því næst í gegnum reikninga félagsins og útskýringar með þeim liðum sem ástæða var til að útskýra betur. Hagnaður tímabilsins var um 2,5 milljón.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar

Gunnar fundarstjóri tók við af Þorvaldi og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Enginn tók til máls um skýrslu stjórnar.

Gunnar bar því næst upp ársreikning upp til samþykktar og ársreikningur var samþykktur.

4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.

Gunnar fór yfir að engar tillögur skv. 19 gr. liggi fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

5. Afgreiðsla tillagna um lagabreytingar

Gunnar fór einnig yfir að engar lagabreytingatillögur liggja fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt og árgjöld ákveðin

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri tók við og við gerð fjárhagsáætlunar hafi verið haft til hliðsjónar að komandi sumar yrði meira hefðbundið en það sem var að líða. Tekið hafi verið tillit til Verðbólguáhrifa á kostnaðarliði og að fyrirhuguð launaþróun um 3,5 % væri höfð inn í áætlun. Talaði hann um að auðvitað væri það svo að í áætlunum væri gert ráð fyrir ýmsum þáttum, við vonumst til þess að sjálfsögðu að veðurfar verði hliðhollt, við ætlum að sækja á styrki fyrirtækja en vitum að það verður erfitt. Við finnum fyrir því á hverju ári að álag er mikið vallarstarfsmönnum og ljóst að þar er nokkur undirmönnum enn þá þó það hafi að hluta til batnað, huga verður að þessum þáttum. Áætlun fyrir komandi ár er nokkuð hófleg en í samræmi við hækkanir undanfarin ár.

Þorvaldur lagði því næst til tillögu að árgjöldum og voru þau eftirfarandi.

	Tillaga 2020	2019
Einstaklingar 26-66 ára	126.900	122.900
Einstaklingar 67-84 ára	101.500	98.300
Félagsmenn 18-25 ára	63.500	61.500
Félagsmenn 85 ára og eldri	38.000	36.900
Börn og unglingar 17 ára og yngri	38.000	36.900
Systkinaafsláttur:		
Tvö systkini	49.000	47.900
Þrjú systkini	60.000	58.900
Fjögur systkini	71.000	69.900
Inngöngugjald	15.000	15.000
Ljúflingur félagsaðild fullorðinn 26-66 ára	49.800	49.200
Ljúflingur félagsaðild 67 ára og eldri	39.900	49.200
Ljúflingur félagsaðild 25 ára og yngri	24.900	27.200

Þorvaldur sagði að þrátt fyrir þessar hækkanir að þá væri ekki gert ráð fyrir nema 500,000 kr. afkomu.

Gunnar fundarstjóri opnaði umræður um framlögð árgjöld.

sp: Ingi Þór tók til máls – , byrjaði Ingi á því að þakka starfsmönnum og öllum sem komu að rekstri fyrir þeirra frábæru störf. Ingi talaði um að sem fyrrverandi formaður þekkti hann þá baráttu íþróttafélagsins Odds að eiga við Garðabæ og talaði um að raungildi styrks væri vissulega að minnka með árunum og að aðkoma Garðabæjar í samanburði við nágranna okkar væri eitthvað sem ekki ætti að vera svona sýnileg og þar væri jafnræðis greinilega ekki gætt. Ingi spurði um vörusölu og að framlegð af henni væri lág einungis 7 %, einnig vildi Ingi fá útskýringu á tekjum af veitingasölu sem virtust ekki vera sýnilega meiri en á liðnu ári. Að lokum vildi Ingi lýsa yfir áhyggjum af því að launahlutfall væri of hátt í samanburði við tekjur sem mætti vissulega rekja til þess að skakkt væri gefið milli sambærilegra íþróttafélaga.

svar: Þorvaldur, svaraði til að golfbúðin væri í raun hugsuð sem þjónustuliður og verði þar stillt í hóf sem væri grunn skýring lítilli framlegð.

svar: Þorvaldur, svaraði til varðandi veitingasölu að þar hefði starfsemi einungis byrjað í maí og því væri árið að þessu sinni styttra en hefðbundið og að leiga væri um 3,2 milljónir á ári sem væri töluverð hækkun frá síðustu árum.

Umræðum voru ekki lengri og Gunnar fundarstjóri bar upp tillögu um árgjöld og voru þau samþykkt.

7. Kosning stjórnar-og varamanna í stjórn

Gunnar fór því næst í kosningu stjórnar-og varamanna í stjórn og sagði frá því að skv. lögum félagsins skuli tilkynna um framboð tveimur vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd auglýsti eftir framboðum þann 12. nóvember og er skemmt frá því að segja að jafnmörg framboð bárust í þau embætti og i boði voru fyrir lok framboðsfrests þann 20. Nóv.

Eftirtaldir eru því í kjöri og teljast sjálfkjörnir:

Kári Haraldur Sölmundarson til formanns,

Til stjórnar til tveggja ára: Ægir Vopni Ármannsson og Auðunn Örn Gylfason

Áfram í stjórn til eins árs sitja Berglind Rut Hilmarsdóttir og Halla Hallgrímsdóttir

Til varastjórnar í eitt ár: Jón S. Garðarsson

Klappaði salurinn fyrir nýrri stjórn og telst hún því réttmæt.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara

Gerð er tillaga um óbreytta skipan tveggja skoðunarmanna:

Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarson og til vara Ásbjörn Björnsson og var tillagan samþykkt

9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd

Gerð er tillaga um óbreytta kjörnefnd frá fyrra ári:

Kristjana Þorsteinsdóttir, Guðmundína Ragnarsdóttir og Gunnar Viðar

Tillagan er samþykkt.

10. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál, engar umræður fóru af stað. Bauð þá fundarstjóri nýkjörinn formann Kára Sölmundarson í ræðustól.

Kári þakkaði fundarmönnum fyrir mætingu og lofaði að starfa vel með fólkinu í klúbbum, sagði hann að áherslu málin yrðu að vinna að málum varðandi aðkomu Garðabæjar að rekstri hér til framtíðar, sagði Kári frá að á komandi ári yrði breytingar í innheimtu félagsgjalda þar sem við stefnum á að taka upp Nóra-innheimtukerfi til að standast persónuverndarlög. Kári þakkaði fyrir það að við værum í dag með glæsilega borholu sem gæti sinnt vellinum og það sýndi sig vel á góðu sumri hversu mikilvægt það væri. Þakkaði Kári gestum fundarins fyrir komuna og sleit fundi.

Þar með er dagskrá aðalfundar lokið klukkan 20:52

Fundarritari,

Svavar Geir Svavarsson
